

Vallarsveifgras (*Poa pratensis*)

Enska; Meadow-grass (UK), Kentucky bluegrass (USA), danska; Eng-rapgræs, norska; Engrapp, sænska; Ängsgröe

Tegundalýsing og kjörlendi

Vallarsveifgras er fjölært, og mjög skriðult puntgras. Það breiðir úr sér með öflugum neðanjarðarrönglum. Blöðin eru yfirleitt dökkbláleit og auðþekkt á samanbrotnum kili og blaðendum sem líkjast bátsstefni. Stefnið klofnar ef strokið er uppeftir blaðinu milli þumals og vísifingurs. Engin slíðurhimna er við neðsta blaðslíður en örliðið við það efsta (1-2 mm). Punturinn er víður neðst og keilulaga, sem getur verið frá 5 til 15 cm langur. Eru axagnir með þrjú til fimm blóm og eru þær oftast fjölbláar, með skörpum kili, oddmjóar og þrítauga. Puntberandi strá ná 15-60 sm hæð. Vallarsveifgras er afar fjölbreytileg tegund sem mætti skipta upp í margar undirtegundir. Það á marga ættingja sem erfitt er að greina í sundur enda geta þessar tegundir víxlfrjógast, þó að vallarsveifgrasið fjölgi sér mest með kynlausri æxlun. Íslenskt vallarsveifgras er mjög lágvaxið, dökkblátt og með miðlungs puntsetu og snemmþroska. Influtt vallarsveifgras er mun hávaxnara og yfirleitt ljósleitara, með mikla eða enga puntsetu og þroskast mishratt eftir uppruna.

Vallarsveifgras er algengasta túngrasið á Íslandi og finnst um land allt. Kjörlendi þess er myndinn, þurrlegur og ekki of súr jarðvegur. Í túnnum er hann mest ríkjandi inn til landsins hátt yfir sjó eða á kalsvæðum, enda hefur það vegna jarðrenglanna, mjög mikið vetrarþol miðað við önnur túngrös.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði.

Vallarsveifgras er gott fóður fyrir nautgripi og sauðfé, með miðlungs uppskeru. Það má nýta bæði til beitar og sláttar. Kostir þess er góður endurvöxtur og mikið beitarþol en gallarnir eru helstir, oft frekar lítil heildaruppskera (fer þó mjög mikið eftir uppruna) og sveppurinn mjöldögg sem leggst á blöð þess þegar líður á sumarið og fram á haust en hann rýrir gæði uppskerunnar. Það þykir engu að síður gott til haustbeitar en bent hefur verið á að haustbeit minnkar sprettu vallarsveifgrass sumarið eftir. Betra er að votverka vallarsveifgras en fullþurrka á velli vegna þess hversu blaðríkt og smágert það er. Gæði uppskerunnar ræðst alfarið af sláttutíma og puntsetu vallarsveifgrassins en miðað við önnur grös er það bæði prótein- og steinefnaríkt með fóðrunarvirði yfir meðallagi. Í dag er algengast að sá því með vallarfoxgrasi með það í huga að þetta grassvörðinn, auka endurvöxt og að það taki við af vallarfoxgrasinu þegar það fer að gefa eftir.

Ræktunarleiðbeiningar

Vallarsveifgras hefur lítið þurrkþol en má rækta í margsvíslegum jarðvegi nema helst mjög sendnum. Vallarsveifgrasi er sjaldan sáð einu og sér vegna þess hvað það spírar hægt og er lengi að róta sig. Yfirleitt er til gott úrval af yrkjum á markaði (Sjá Nytjaplöntur á Íslandi, rit LbhÍ og BÍ, sem kemur út árlega). Þúsundkornþyngd vallarsveifgrasfræs er um 0,3-0,4 g og sáðmagn í hreinrækt eru um 20 kg á ha. Í blöndu með vallarfoxgrasi er sáðmagnið 4-6 kg á ha. Sáðdýpt er 1-2 sm og sáðbeðið á að vera þétt og finunnið. Best er að sá á yfirborðið og valta strax á eftir. Það gerir svipaðar áburðarkröfur og önnur algeng túngrös (sjá Handbók bænda). Nauðsynlegt er að fylgjast vel með illgresi fyrsta árið og bregðast við tímalega með réttum illgresislyfjum ef svo ber undir.

